

Tinna H. Arnardóttir

læknir á skurðeild Landspítala

tinna.harper@gmail.com



ÚR PENNA STJÓRNARMANNA LÍ

Sérnám í lækningum á Íslandi

Í gegnum tíðina hafa íslenskir læknar þurft að flytja erlendis til frekara náms í lækningum. Breyting hefur orðið á þessu í einstaka sérgreinum og má þar nefna heimilislækningar og geðlækningar. Hægt er að ljúka sérnámi að fullu í þessum greinum á Íslandi og öðlast viðurkennd sérfræðiréttindi. Í öðrum greinum hefur verið boðið upp á hlutasérnám.

Eins og flestum er kunnugt varð hrun vegna manneklú á lyflækningasviði Landspítala fyrir nokkrum misserum. Forsvarsmenn sviðsins réðust í kjölfarið í uppbyggingu sviðsins með þeim hætti að fara í samstarf við Royal College of Physicians (RCP). Markmiðið var að koma á fót vönduðu og viðurkenndu sérnámi svo almennir læknar á Íslandi sæju hag sinn í að starfa við sviðið og fá þennan dýrmæta tíma metinn í sitt sérnám. Þessi metnaðarfulla og óeigingjarna vinna, unnin með afar takmörkuðu aukafjármagni, skilaði sér í vönduðu sérnámi sem nýverið fékk viðurkenningu RCP. Um ræðir fullgilt sérnám til þriggja ára í lyflækningum og hafa allar 40 sérnámsstöður sviðsins verið fylltar. Þeir sem það kysu gætu gengið inn í áframhaldandi sérnám í Bretlandi án vandkvæða. Einnig gefur auga leið að auðsóttara yrði að fá þennan tíma metinn til sérnáms í Skandinavíu þegar hægt væri að sýna fram á viðkennt og virt sérnám með vandaðri skráningu og prófatöku.

Fjöldamargar aðrar sérgreinar á Íslandi hafa nú þegar ráðist í vinnu við að koma á fót viðurkenndu sérnámi á sínu sviði. Markmiðið er það sama og á lyflækningasviðinu: að bjóða upp á vandad og viðurkennt sérnám á Íslandi að hluta til eða að öllu leyti. Breytingar þessar taka tíma og eru kostnaðarsamar en hefðu töluverð áhrif á starfsemi og mönnun Landspítala.

Löngum hefur verið talið að einn af styrkleikum íslensks heilbrigðiskerfis megi rekja til þess að læknar okkar hafa sótt sér sérmenntun erlendis. Þannig komi saman þekking frá mismunandi stöðum og í því sé fólgin styrkleiki. Bent hefur verið á að í þessu sé jafnframt fólgin sparnaður fyrir íslenska ríkið, þar sem viðeigandi land greiðir fyrir sérmenntun læknisins. Hins vegar missum við allfesta lækna úr landi til fjölda ára og stundum til frambúðar. Spyrja má hvort breytinga sé þörf.

Lagt er upp með hlutasérnám á flestum sviðum til að byrja með. Fyrri hluti námsins yrði tekinn á Íslandi en læknar héldu svo utan í frekara nám til sérfræðiréttinda. Þannig myndi fyrirnefndur ávinningur breiðrar þekkingar mögulega haldast til haga. Benda má á að margir læknar byrja sitt sérnám á stofnunum sem eru minni en Landspítali og með færri svið sérgreina. Trú margra er að Landspítali sé vel í stakk búinn til að mennta fólk á fyrstu árum sérnámsins ef staðið yrði rétt að því.

Ef fyrrihluti náms yrði tekinn á Íslandi myndi tíminn erlendis styttest um tvö til þrjú ár. Líkur mætti leiða að því að fólk sneri mögulega frekar aftur til Íslands vegna þessa, bæði vegna þess

að fólk næði að festa betur rætur á Íslandi og erlendu ræturnar yrðu ekki eins rótgrónar. Aukinheldur nyti íslenskt heilbrigðis kerfi starfskrafta læknisins lengur. Vonin er sú að upplifunin af starfi Landspítala yrði jákvæðari með skipulögðu sérnámi, bættri mönnun og þannig betra vinnuumhverfi.

Efling sérnáms í lækningum á Íslandi hefði þannig í för með sér margþætt áhrif. Mögulega hefði hún bein áhrif á mannauðsmál með fjölgun lækna, eins og lyflækningasviðið hefur sýnt fram á. Vinnuumhverfið yrði þannig meira aðlaðandi, bæði fyrir almenna lækna og sérfræðinga. Með reyndari framlínu lækna í sérnámi, með áframhaldandi stuðningi sérfræðinga, væri þannig mögulega boðið upp á betri og öruggari læknisþjónustu en áður. Létt yrði álagi af sérfræðingum með einfaldari mál og þeir gætu varið kröftum sínum í flóknari og sérhæfðari tilfelli. Lærimeistarakerfi hefði í för með sér auknar kröfur um símenntun sérfræðinga og til viðbótar gætu sérnámslæknar tekið þátt í göngudeildarþjónustu spítalans í auknum mæli, framkvæmt einfaldar aðgerðir eða svæfingar og mögulega haft áhrif á lengd biðlista.

Áhugi almennra lækna og sérfræðinga er til staðar. Áhugi ráðamanna spítalans er til staðar. Áhugi erlendra aðila til samstarfs er til staðar. Áhugi fólksins í landinu á bættri heilbrigðisþjónustu er til staðar. Ljóst er að verkefnið krefst aukinnar fjárveitingar og til þess þarf áhuga ráðamanna þjóðarinnar.

Reglugerðin um vottun á sérnámi á Íslandi sem skrifað var undir 21. maí 2015 er skýr. Eins og staðan er núna uppfylla fæst svið Landspítala þau skilyrði sem þarf til þess að tíminn þar yrði metinn inn í viðurkennt sérnám. Ljóst er að breytinga er þörf í samræmi við auknar kröfur og sú vinna er þegar hafin á mörgum sviðum.

Fyrirhugað er málþing um sérnám í lækningum á Íslandi á komandi Læknadögum og hvet ég lækna eindregið til að fjölmenna á það.

Stjórn Lí

Þorbjörn Jónsson *formaður*

Orri Þór Ormarsson *varaformaður*

Björn Gunnarsson *gjaldkeri*

Magdalena Ásgeirsdóttir *ritari*

Agnar H. Andrésson

Arna Guðmundsdóttir

Hjalti Már Þórisson

Jóhanna Ósk Jensdóttir

Þórarinn Ingólfsson



Í pistlunum *Úr penna stjórnarmanna Lí* birta þeir sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.